

Fundur stjórnar ÆSKP 10. febrúar 2021 á Zoom

Mætt: Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Hákon Darri, Berglind, Anna Lilja, Aldís Elva og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.05.

Starfsáætlun

Jónína fer yfir starfsáætlun fyrir Aðalfund:

- Easter Course verður á netinu.
- Það á eftir að ákveða tímasetninguna á fimmtánda Kirkjuþingi unga fólksins. Það á einnig eftir að finna verkefnastjóra.
- Í fyrra ætluðum við að vera með sumarmót sem féll niður vegna Covid. Það er spurning hvort að það séu komnar aðstæður til að prófa að halda það þetta árið. Það ver einnig eftir ef að ÆSKR heldur vormót.
- Það er ekki komin dagsetning á Gleðigönguna. Hákon býður sig fram að aðstoða við að skipuleggja okkar framlag í göngunni.
- Development meeting fyrir EF átti að vera í fyrra en hann féll niður.
- Árið 2023 er stefnt að alþjóðlegu móti í Finnlandi.
- Í Haustnámskeiði ársins verður farið í skyndihjálparnámskeið Rauða krossins og annan viðburð. Hugmynd kom upp um að það myndi tengjast föndri og handvinnu.
- Óvíst er hver mun kenna Leiðtogaskólann á höfuðborgarsvæðinu næsta haust. Skólastjóri Leiðtogaskólans á Austurlandi er Berglind Hönnudóttir.
- Landsmót 2021 verður á Sauðárkróki. Við þurfum nýtt þema fyrir mótið og það er í vinnslu.
- Vilji er fyrir hendi að halda aðra viðburði ef að tækifæri skapast.
- Erlend samskipti hafa orðið tíðari og betri í Covid. Fólk virðist hætt að vera hrætt við tölvusamskipti og meira viljugt til að hafa samband við aðra.

Fjárhagsáætlun

Jónína fer yfir fjárhagsáætlun.

Við fengum 7 milljónir í styrk. Við fengum 900.000 styrk fyrir Landsmóti.

Við borguðum 265 evrur í félagsgjöld í EF í fyrra en upphæðin stjórnast að hluta af þáttakendafjölda Landsmóts.

Við förum inn í næsta ár með minni pening en við erum vön. Við höfum sýnt aðhald í fjármálum svo við erum undir það búin.

Aðalfundur

Aðalfundurinn verður miðvikudaginn 3. mars 2021 kl. 17. Fundurinn verður bæði í persónu og á netinu.

Á fundinum verður því fundarstjóri, ritari og fjarfundarstjóri. Katrín tekur að sér að vera fjarfundarstjóri.

Það þarf að finna út úr því hvernig kosningin getur farið fram á netinu.

Lögð verður áhersla á að viðhalda öllum sóttvarnareglum.

Aðalfundur EF

Aðalfundur EF verður 20. febrúar. Berglind, Jónína, Aldís og Anna ætla að mæta.

Næsti stjórnarfundur verður 24. febrúar kl. 20.

Fundi slitið kl. 21.25.